

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 170/2013**

2014/EES/13/18

frá 8. október 2013

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1205/2012 frá 14. desember 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 802/2010 að því er varðar frammistöðu félags⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 56be (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 802/2010) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32012 R 1205**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1205/2012 frá 14. desember 2012 (Stjtið. ESB L 347, 15.12.2012, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1205/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. október 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. október 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Dórir Ibsen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 347, 15.12.2012, bls. 10.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.